

**Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps  
2004 – 2016.  
Breyting á Aðalskipulagi í landi Geitlands**

---



20.03.2019.

## Efnisyfirlit

|     |                                              |    |
|-----|----------------------------------------------|----|
| 1   | Inngangur.....                               | 4  |
| 2   | Aðdragandi og markmið .....                  | 4  |
| 3   | Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir ..... | 5  |
| 3.1 | Landsskipulagsstefna .....                   | 5  |
| 3.2 | Staðhættir .....                             | 6  |
| 3.3 | Landslag og ásynd.....                       | 6  |
| 3.4 | Íbúafjöldi.....                              | 7  |
| 3.5 | Atvinna.....                                 | 7  |
| 3.6 | Grunnvatn.....                               | 8  |
| 3.7 | Minjar .....                                 | 8  |
| 4   | Áform uppbyggingar .....                     | 8  |
| 5   | Breyting á aðalskipulagi .....               | 9  |
| 5.1 | Iðnaðarsvæði í dreifbýli .....               | 9  |
| 5.2 | Vatnsverndarsvæði.....                       | 10 |
| 5.3 | Samgöngur.....                               | 10 |
| 6   | Umhverfisskýrsla .....                       | 11 |
| 6.1 | Umhverfisviðmið og umhverfispættir .....     | 11 |
| 6.2 | Öflun upplýsinga og aðferðarfræði .....      | 12 |
| 6.3 | Matstöflur.....                              | 13 |
| 6.4 | Niðurstaða og vöktun .....                   | 14 |
| 7   | Kynning og samráð .....                      | 14 |
| 8   | Heimildaskrá .....                           | 18 |

## Myndaskrá

|                                                                                                               |    |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1. Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu (Verkís, 2016).....                                                  | 4  |
| Mynd 2. Tekin til austurs frá miðju landi Geirlands II, væntanleg staðsetning iðnaðarsvæðis merkt rauðu....   | 6  |
| Mynd 3. Staðsetning iðnaðarsvæðisins beint upp frá veginum. ....                                              | 6  |
| Mynd 4. Íbúaþróun í Borgarfjarðarhreppi 2007-2016 (Hagstofa Íslands, 2016).....                               | 7  |
| Mynd 5. Aldursdreifing þann 1. janúar 2016 í Borgarfjarðarhreppi.....                                         | 7  |
| Mynd 6. Staðfest aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps.....                                                        | 9  |
| Mynd 7. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps. Bl1 er iðnaðarsvæði í landi Geitlands. .... | 9  |
| Mynd 8. Vatnsverndarsvæði fyrir breytingu á aðalskipulagi.....                                                | 10 |
| Mynd 9. Vatnsverndarsvæði eftir breytingu á aðalskipulagi.....                                                | 10 |

## Töfluskrá

|                                                                                    |    |
|------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Tafla 1. Iðnaðarsvæði .....                                                        | 9  |
| Tafla 2. Umhverfisþættir, lýsing og viðmið.....                                    | 11 |
| Tafla 3. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingar. .... | 12 |
| Tafla 4. Mat á iðnaðarsvæði. ....                                                  | 13 |
| Tafla 5. Umsagnir og viðbrögð.....                                                 | 14 |

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 20.03.2019.


## 1 Inngangur

Gerð er breyting á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 – 2016 sem var staðfest þann 16. september 2005. Um er að ræða breytingu í landi Geitlands II þar sem landbúnaðarsvæði er breytt í iðnaðarsvæði í landi Bakka. Um er að ræða framkvæmdir vegna byggingar verksmiðju, vatnstöku og borana fyrir vatni þar sem vinnsla grunnvatns verður um 2 l/sek. Vatnsupptaka verður utan reits en borhola er í landi Bakka sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps. Einnig er afmarkað nýtt vatnsverndarsvæði, ný vatnslögn og núverandi vatnslögn að þéttbýlinu er leiðrétt.

Framkvæmdin fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þar sem framkvæmdin er í 1. viðauka í flokki B þar sem vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn er minna en 300 l/sek meðalrennsli á ári. Í flokki B eru þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

## 2 Aðdragandi og markmið

Fyrirhugað er að byggja vatnsátöppunar-verksmiðju á tæplega 2,8 ha lóð í landi Geitlands í Borgarfirði Eystra. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og ofan við svæðið er afmarkað vatnsverndarsvæði sveitarfélagsins, sjá má afmörkun svæðisins á mynd 1.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu (Verkís, 2016).

Í skipulaginu verða sjálfbærni og umhverfissjónarmið höfð að leiðarljósi en markmiðið með breytingunni er að hafa fjölbreytt atvinnulíf í sem bestri sátt við umhverfið. Iðnaðarsvæðið verði mótað samkvæmt ströngum reglum um varnir gegn mengun og náttúruspjöllum.

### 3 Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir

Skipulagssvæðið afmarkast af landamerkjum Skriðubóls og Geitlands 2 til norðurs, landamerkjum Bakka og Geitlands II. til suðurs. Í austri afmarkast svæðið af Þjóðvegi 94, Borgarfjarðarvegi og í vestri hnitsetta línu milli Þjóðavegar og fjallsróta. Svæðið er í grónu landi, landhalli er nokkur á svæðinu, hluti þess er framræst tún.

#### 3.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016. Landsskipulagsstefna leggur upp með að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs sbr.kafla. 3.4. Öflugir innviðir, þar sem segir að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum sbr. kafla 3.4.

*Markmið Landsskipulagsstefnu 2.1 sjálfbær byggð í dreifbýli*

*Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðarþróun í þéttbýli og dreifbýli.*

##### 2.1.1 sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*

Sú framkvæmd er stefnt er að þ.e. uppbygging vatnsátöppunarverksmiðju styrkir þá byggð sem nú þegar er á Borgarfirði eystra en staðsetning verksmiðjunnar er um kílómetra fyrir utan byggðarkjarnann.

Landbúnaður í sveitarfélaginu hefur átt undir högg að sækja og í aðalskipulaginu kafla 1.22 Landbúnaður kemur fram að ársverkum í landbúnaði hafi farið fækkandi og algengt sé að fólk sækir atvinnu t.d. í fiskvinnslu jafnhliða búskap. Framkvæmdin gefur þeim aðilum er stunda landbúnað á svæðinu aukin tækifæri í atvinnu samhliða búskap.

*Markmið 2.3 um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands*

*Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.*

*Í undirkafla 2.3.1 segir „Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.*

Það land sem fer undir áætlaða starfsemi vatnsátöppunarverksmiðjuna er að hluta til aflagt tún í þó nokkrum halla. Umrætt landsvæði getur því ekki talist henta vel til ræktunar og brýtur því ekki í bága við umrædda grein.

*Markmið 2.8 skipulag með tilliti til náttúruvár og loftlagsbreytinga*

*Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.*

Samkvæmt umsögn Veðurstofu Íslands, dags. 12.6.2017, er umrætt svæði ekki í sameiginlegum ofanflóðagagnagrunni Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Enn fremur segir í umsögninni að mælst sé til þess að uppbygging á svæðinu verði neðan 100 m.y.s.

Umrætt lðnaðarsvæði er 38-50 m.y.s. og því ekki í hættu vegna ofanflóðs.



### 3.2 Staðhættir

Svæðið sem breytingin tekur til er ofan þjóðveg 94 og er að hluta til á gömlu túni. Lóðin er þó í nokkrum bratta og nær upp í brekkuna en svæðið er allt neðan 140 m y.s. Á svæðinu eru hvorki friðlýst svæði eða svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 57. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### 3.3 Landslag og ásynd

Þegar mannvirki er sett á áður óbyggt land hefur það óhjákvæmilega áhrif á ásynd og því mjög áríðandi að fella það sem best að landslaginu. Um kílómetri er á milli þorpsins og áætlaðrar verksmiðju og vegna þess er ekki hægt að segja að mannvirkið verði hliðstólpi að þorpinu. Tenging verksmiðjumannvirkisins við byggðarmynstur og byggingarform þorpsins er ekki eins sterk og við önnur mannvirki sem nær eru og í sjónlínu frá þorpinu fellur verksmiðjan frá flestum sjónarhornum í bakgrunn annarra bygginga. Við hönnun og útlit verksmiðjubyggingarinnar skal leitast við að hún falli vel að landslagi á svæðinu og eða öðrum mannvirkjum í nánasta umhverfi hennar.



Mynd 2. Tekin til austurs frá miðju landi Geirlands II, væntanleg staðsetning iðnaðarsvæðis merkt rauðu.




Mynd 3. Staðsetning iðnaðarsvæðisins beint upp frá veginum.


Hönnun skal miða að því að draga úr ljósmengun frá svæðinu en tryggja þó öryggi fólks. Æskilegt er að nota gróður, tré og runna til þess að fella mannvirkið betur að umhverfinu.

## Íbúafjöldi

Íbúafjöldi í Borgarfjarðarhreppi hefur verið nokkuð breytilegur síðustu 10 ár en hefur íbúum fækkað nokkuð, sjá mynd 4. Á þessum 10 árum bjuggu flestir í sveitarfélaginu 2007 eða 148 og fæstir nú í ár 2016 eða 124. Fáir eru yngri en 16 ára og má túlka það sem að fáar barnafjölskyldur búi í sveitarfélaginu, sjá mynd 6. Vegna fárra atvinnutækifæra á ársvisu þ.e. heilsársstörf eru vandamál á vinnumarkaði á Borgarfirði. Fjöldi nemenda á grunnskólaaldri hefur farið úr 18 nemendum í 5 á 3 árum.



Mynd 4. Íbúaþróun í Borgarfjarðarhreppi 2007-2016 (Hagstofa Íslands, 2016).



BYGGÐASTOFNUN

Gögn frá Hagstofu Íslands

Mynd 5. Aldursdreifing þann 1. janúar 2016 í Borgarfjarðarhreppi.

## 3.5 Atvinna

Síðustu ár hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Borgarfjarðarhreppi eins og á Íslandi öllu. Hinn hefðbundni landbúnaður hefur hins vegar verið að dragast saman. Smábátaútgerð er undirstaða atvinnulífs í sveitarfélaginu en aukin fjölbreytni í atvinnulífi er æskileg.

### 3.6 Grunnvatn

Í Borgarfirði eystri eru nokkur lindarsvæði með ríkulegu grunnvatnsrennsli (Árni Hjartarson ofl., 1981). Við Geitland eru nokkrar lindir með rennsli 5-20 l/s. Áætlað er að starfsemin muni þarfnast að hámarki 2 l/sek. Grunnvatnsvinnsla kann, eftir atvikum, að vera leyfisskyld samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

### 3.7 Minjar

Minjastofnun Íslands sendi starfsmenn á svæðið og samkvæmt umsögn stofnunarinnar, dags. 20.06.2017, er ekki vitað um neinar minjar á umræddu skipulagssvæði. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðan skipulagsreit en vekur athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar. Hluti svæðisins sem breytingin nær til er skilgreint sem búsetulandslag í aðalskipulaginu þar sem allt svæði neðan 100 m.y.s. á skipulagsupprætti er sýnt sem búsetulandslag. Í aðalskipulaginu er sett fram skilgreining á búsetulandslagi samkvæmt 1. lið í 9. gr. í þágildandi Þjóðminjalögum nr. 107/2001 en þar segir „búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum; „Búsetulandslag er ekki skilgreint í nýrri lögum. Framkvæmdarsvæðið samræmist því stefnu sveitastjórnar hvað varðar vernd búsetulandslags.

## 4 Áform uppbyggingar

Gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir vatnsátöppunar verksmiðju. Vatnsöflun til átöppunarverksmiðju verður í landi í eigu Borgarfjarðarhrepps sunnan landamerka við Geitland II. Rannsóknir og borun verður á ábyrgð Vatnworks Iceland ehf. en unnin í nánú samstarfi við Borgarfjarðarhrepp og sérfræðinga um vatnsöflun, að fengnu leyfi Orkustofnunar. Áætlað er að starfsemin muni þarfnast að hámarki 2 l/sek og verða vatnslagnir lagðar í jörðu frá nýtanlegri borholu að átöppunarverksmiðju.

Áætlanir gera ráð fyrir að afurðin verði flutt til næstu hafnar, að öllum líkindum til Reyðarfjarðar til útflutnings. Ekki ætti að vera neinn hávaði frá sjálfri verksmiðjunni en það er lítil hávaði frá dælu á borholunni og framkvæmdaraðilar gera ráð fyrir að þar verði sett yfir lítið hús eða kassi sem verði líka hljóðeinangrandi til að draga úr hávaðamengun frá dælunni.



## 5 Breyting á aðalskipulagi

### 5.1 Iðnaðarsvæði í dreifbýli

Í Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 – 2016 er megin landnotkunin landbúnaður. Gerð er breyting á aðalskipulaginu þar sem um 2,8 ha svæði er tekið úr landbúnaðarnotum og breytt í iðnaðarsvæði (BI1). Ekki er fjallað um iðnaðarsvæði í dreifbýli í gildandi aðalskipulagi en sveitarfélagið vill setja sér eftirfarandi markmið um iðnaðarsvæði:

#### MARKMIÐ:

Hafa fjölbreytt atvinnulíf í sem mestri sátt við umhverfið. Iðnaðarsvæði verði mótuð samkvæmt ströngum reglum um varnir gegn mengun og náttúruspjöllum. Þjóða upp á fjölbreytta búsetukosti innan sveitarfélagsins.


#### LEIÐIR:

- Laða að atvinnustarfsemi sem skapar ný störf.
- Auka þarf atvinnusköpun á öðrum sviðum en sjávarútvegi, landbúnaði og ferðapjónustu.
- Iðnaður styrki þá atvinnustarfsemi sem nú þegar er svæðinu.
- Aukin atvinnutækifæri geta aukið íbúafjölda.

Uppdráttur sem sýnir aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004 -2016, sjá mynd 6 og mynd 7 sem sýnir tillögu að breytingu á aðalskipulaginu þar sem búið er að afmarka um 2,8 ha iðnaðarsvæði.



Mynd 6. Staðfest aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps.



Mynd 7. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps. BI1 er iðnaðarsvæði í landi Geitlands.


Landnotkun í Geitlandi breytist úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði BI1. Iðnaðarsvæðið verður 2,8 ha þar sem byggja á að hámarki 900 m<sup>2</sup> á tveimur hæðum. Borhola í landi Bakka hefur verið afmörkuð í samráði við Orkustofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands en nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi Orkustofnunar samkvæmt 6. gr. Laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð nr. 57/1998.

Tafla 1. Iðnaðarsvæði

| Nr. | Heiti    | Lýsing                                                                                                                                                                                                   | Núv. | Viðbót |
|-----|----------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|--------|
| BI1 | Geitland | Lóð undir vatnsátöppunar-verksmiðju, stærð lóðar er 2,8 ha. . Byggingarmagn er 900 m <sup>2</sup> . Mesta hæð á þaki er 10 m yfir gólfkóta, leyfilegt að byggja 2 hæðir, mænisstefna og þakhalli frjáls. | 0    | 1      |

## 5.2 Vatnsverndarsvæði

Skilgreint er nýtt vatnsverndarsvæði VS6 fyrir vatnsátöppunarverksmiðjuna. Skilgreint er brunn-, grann- og fjarsvæði sem sýnd eru á aðalskipulagsuppdraetti.



Mynd 9. Vatnsverndarsvæði eftir breytingu á aðalskipulagi.

Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Á grannsvæði er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Á fjarsvæði vatnsbóla þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Lega vatnslagna á aðalskipulagsuppdraetti hefur verið leiðrétt miðað við betri gögn varðandi staðsetningu hennar. Einnig er sýnd ný vatnslögn að reit fyrir vatnsátöppunarverksmiðju.

## 5.3 Samgöngur

Í aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 er ekki tekið á vegtengingum að einstökum bæjum en sveitarfélagið leggur upp með að umferðaröryggi verði gætt til hins ýtrasta og farið verði eftir ábendingum vegagerðarinnar um fjölda tenginga við Geitland.

## 6 Umhverfisskýrsla

Helstu þættir breytingartillögunnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru þættir á framkvæmdatíma við byggingu vatnsátöppunarverksmiðju þá á minjar og áhrif á rekstartíma hennar á samfélag, grunnvatn og heilsu og öryggi.

### 6.1 Umhverfisviðmið og umhverfisþættir

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir.

Viðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagsbreytingin hefur í för með sér. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins eru tekin saman í töflu 2.

Helstu umhverfisþættir og þær stefnur og viðmið sem höfð eru til hliðsjónar eru;

Tafla 2. Umhverfisþættir, lýsing og viðmið.

| Umhverfisþættir          | Lýsing                                                                                                | Viðmið                                                                                                                                                                                                                                                                            |
|--------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Grunnvatn.               | Áhrif á grunnvatn og vatnsból Borgarfjarðar eystri.                                                   | Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreining og vöktun. Rannsóknir sérfræðinga á grunnvatni á svæðinu (Orkustofnun). Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Neysluvatnsreglugerð nr. 145/2008.                                |
| Efnahagur og atvinnulíf. | Fjöldi starfa<br>Samsetning starfa<br>Nýsköpun.                                                       | Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016, stefna sveitarfélags um atvinnumál. Landsskipulagsstefna, kafli 3.4. Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf. Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. |
| Íbúapróun.               | Íbúafjöldi, þróun og framreikningar<br>Fólksflutningar                                                | Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016, stefna sveitarfélags um atvinnumál, Hagtölur yfir mannfjölda (Hagstofa Íslands).                                                                                                                                                      |
| Menningarminjar.         | Skráðar og friðlýstar fornleifar<br>Minjar 100 ára og merkar búsetuminjar.<br>Áhrif á búsetulandslag. | 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Aðalskipulag Borgarhrepps 2004-2016 3.8 – Búsetulandslag.                                       |
| Heilsa og öryggi.        | Hljóðmengun og truflun af umferð.                                                                     | Viðmiðunargildi og leiðbeiningar fyrir umferðarhávaða í reglugerð um nr. 933/1999 með breytingum í reglugerð nr. 478/2013. Viðmiðanir um mörk fyrir hávaða í viðaukum í reglugerð um hávaða nr. 824/2008                                                                          |
| Landslag og ásýnd.       | Sjónræn áhrif mannvirkis í landslagi                                                                  | 69. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um hönnun mannvirkja. Landsskipulagsstefna kafli 2.2 Umhverfis- og menningargæði, liður 2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru.                                                                                                       |

## 6.2 Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum var unnið eftir lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlaða og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning er í formi texta og/eða venslataflna.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Tafla 3. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingar.

| Vægi áhrifa                   |       | Skýring                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
|-------------------------------|-------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Jákvæð                        | +     | Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.<br><br>Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Óveruleg/Óljós eða á ekki við | 0 / ? | Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfisþátt<br><br>Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin.<br><br>Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. |
| Neikvæð                       | -     | Neikvæð áhrif á umhverfisþátt<br><br>Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.                                                                                                                                                                         |

### 6.3 Matstöflur

Mat á umhverfisáhrifum fyrir iðnaðarsvæði (Tafla 4.), sýna að breyting á aðalskipulagi hefur jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfispætti. Hún eykur atvinnutækifæri og gæti haft jákvæð áhrif á fjölgun íbúa. Óljós áhrif á minjar en engar þekktar minjar eru ásvæðinu og óveruleg áhrif á heilsu og öryggi.

Tafla 4. Mat á iðnaðarsvæði.

| IÐNAÐARSVÆÐI                        |      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
|-------------------------------------|------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Umhverfispættir                     | Vægi | Lýsing                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Viðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
| Grunnvatn                           | 0    | Rannsóknir sýna að grunnvatnsrennsli á svæðinu er mikið og að taka 2 l/sek af grunnvatnsrennslinu ætti ekki að hafa áhrif á það.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | Rannsóknir sérfræðinga á grunnvatni á svæðinu (Orkustofnun).<br>Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreining og vöktun.                                                                                                                                                                                                |
| Efnahagur og atvinnulíf, staðbundið | +    | Jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf í Borgarfjarðarhreppi þar sem skapast aukin atvinnutækifæri. Óveruleg áhrif á aðra landnotkun en passa þarf að girða af brunnsvæði sem skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.                                                                                                                                                                                | Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016, stefna sveitarfélags um atvinnumál.<br>Landsskipulagsstefna, kafli 3.4. Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf.<br>Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.                                                                  |
| Íbúapróun                           | +    | Jákvæð áhrif á íbúapróun með auknum atvinnutækifærum. Óveruleg áhrif á aðra landnotkun.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016, stefna sveitarfélags um atvinnumál, Hagtölur yfir mannfjölda (Hagstofa Íslands).                                                                                                                                                                                                                             |
| Menningarminjar                     | 0    | Ekki eru heimildir um minjar á umræddum svæðum og því eru áhrifin óljós. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar skv. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Svæðið verður fornleifaskráð.<br><br>Tillagan hefur ekki áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í skilgreiningu á búsetulandslagi í aðalskipulagi og fer því ekki gegn stefnu sveitastjórnar hvað varðar vernd búsetulandslags. | Friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en til fornleifa teljast skv. 3. gr. laga um menningarminjar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.<br>Aðalskipulagi Borgarhrepps 2004-2016, 3.8 Þjóðminjaverndarsvæði – Búsetulandslag. |
| Heilsa og öryggi                    | 0    | Óveruleg áhrif á íbúa á svæðinu hvað viðkemur heilsu og öryggi. Lítil hávaði er frá dælu á borholunni og framkvæmdaraðilar gera ráð fyrir að þar verði sett yfir lítið hús eða kassi sem verði líka hljóðeinangrandi til að draga úr hávaðamengun frá dælunni, þessi hávaði fer ekki yfir viðmiðunarmörk um hávaða. Einhver aukin umferð verður frá svæðinu en hún er það óveruleg að það hefur ekki áhrif og fer ekki um þéttbýlt svæði.                                                | Viðmiðunargildi og leiðbeiningar fyrir umferðarhávaða í reglugerð nr. 933/1999 með breytingum í reglugerð nr. 478/2013.<br>Viðmiðanir um mörk fyrir hávaða í viðaukum í reglugerð um hávaða nr. 824/2008                                                                                                                                                 |
| Landslag og ásjúnd                  | 0    | Við hönnun og útlit verksmiðjubyggingarinnar skal leitast við að hún falli vel að landslagi á svæðinu og eða öðrum mannvirkjum í nánasta umhverfi hennar. Hönnun skal miða að því að draga úr ljósmengun frá svæðinu. Æskilegt er að nýta gróður, tré og runna á hógværan hátt til þess að fella mannvirkið betur að umhverfinu.                                                                                                                                                         | 69. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um hönnun mannvirkja.<br>Landsskipulagsstefna kafli 2.2 Umhverfis- og menningargæði, liður 2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru.                                                                                                                                                                           |



## 6.4 Niðurstaða og vöktun

Breytingin hefur jákvæð áhrif á íbúabróun og efnahag og atvinnulíf en óveruleg áhrif á grunnvatn, menningarminjar, heilsu og öryggi og landslag og ásjúnd. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga nr. 126/2011 og reglna á sviði vatnsverndar. Vöktun á vistfræðilega og efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns skal vera skv. 13. gr. reglugerðar nr. 535/2011.

Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Vakin er athygli á að fyrirhuguð starfsemi er starfleyfisskyld skv. lögum um matvæli nr. 93/1995.

## 7 Kynning og samráð

Eftirfarandi athugasemdir bárust um tillöguna fyrir og á auglýsingatíma.

Tafla 5. Umsagnir og viðbrögð.

| Umsagnaraðili / Athugasemd eða ábending                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | Viðbrögð                                                                                                                                |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Heilbrigðiseftirlit Austurlands</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                         |
| <p>Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur farið yfir gögnin og skoðað m.t.t. hlutverks heilbrigðiseftirlits, sem í þessu tilfelli snýr aðallega að verndun vatns og grunnvatns, sem og að því að tryggja íbúum og gestum heilnæmt neysluvatn í nægu magni skv. Neysluvatnsreglugerð nr. 145/2008 m.s.br.</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur ekki að svo komnu máli ástæður til að gera aths. Við fram lögð gögn, en f.h. heilbrigðisnefndar er áskilinn réttur til að gera aths. og koma með ábendingar á síðari stigum máls.</p> | <p>Sveitarstjórn þakkar fyrir og hefur áfram samráð við Heilbrigðiseftirlitið.</p>                                                      |
| <b>Fiskistofa</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                         |
| <p>Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við kynntar skipulagsbreytingar.</p> <p>Fiskistofa vill þó benda á að framkvæmd eins og gert er ráð fyrir í breyttu aðalskipulagi og drögum að nýju deiliskipulagi í landi Geitalands í Borgarfirði Eystri kann að vera háðar leyfi Fiskistofu ef vatnstakan hefur áhrif á vatnsbúskap veiðivatns, en um það gildir 33. Gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.</p>                                                                                                                            | <p>Sveitarstjórn þakkar fyrir viðbrögð Fiskistofu og mun leita leyfis ef sýnt er að vatnstakan hafi áhrif á vatnsbúskap veiðivatns.</p> |



| <b>Orkustofnun</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við aðalskipulag fyrir Geitland, Borgarfirði Eystri.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Sveitarstjórn þakkar fyrir viðbrögð Orkustofnunar.                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| <b>Vegagerðin</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| Vegagerðin gerir ekki athugasemd við nýtt deiliskipulag í landi Geitlands í Borgarfirði Eystri en sett er fram krafa um lokun vegslóða rétt utan skipulagsvæðisins.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Í aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 er ekki tekið á veltengingum að einstökum bæjum en sveitarfélagið leggur upp með að umferðaröryggi verði gætt til hins ýtrasta og farið verði eftir ábendingum vegagerðarinnar um fjölda tenginga við Geitland, þessari umfjöllun hefur verið bætt við í kafla 5.3. Samgöngur. |
| <b>Samgöngustofa</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi, enda hafa fyrirhugaðar framkvæmdir, samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, hvorki áhrif á flugvelli eða hafnir.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | Sveitarstjórn þakkar fyrir viðbrögð Samgöngustofu.                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| <b>Minjastofnun Íslands</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| <p>Skipulagssvæðið er skammt frá bænum Geitlandi sem er nýbýli frá því á síðustu öld og er ekki vitað um neinar minjar á umræddu skipulagssvæði. Starfsmenn Mínjastofnunar Íslands hafa skoðað svæðið á vettvangi og fundið þar eina tóft, sem er utan framkvæmdasvæðis.</p> <p>Mínjastofnun gerir því ekki athugasemdir við fyrirhugaðan skipulagsreit.</p> <p>Mínjastofnun Ísland vill þó vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p>                                                                                                                                                              | Sveitarstjórn þakkar Mínjastofnun Íslands fyrir góð viðbrögð og mun árétta umrædda grein í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 í greinargerð skipulagsins.                                                                                                                                                                  |
| <b>Umhverfisstofnun</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| <p><b>Landsskipulagsstefna</b><br/>Umhverfisstofnun tekur undir tilvitnun í landsskipulagsstefnu í greinargerð en bendir á að í landskipulagsstefnu kemur skýrt fram stefna um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Í landsskipulagsstefnu komi fram að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf ný vatnstöppunarverksmiðja að falla að annarri byggð á svæðinu og umhverfi sínu og fjalla þurfi um hana í umhverfisskýrslu.</p> <p><b>Grunnvatn</b><br/>Umhverfisstofnun bendir á lög nr. 57/1998 um</p> | <p>Sveitarstjórn þakkar Umhverfisstofnun fyrir viðbrögðin.</p> <p>Umfjöllun um landslag og ásynd hefur verið bætt í umhverfisskýrslu og sem undirkafla í Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir.</p> <p>Vitnað er í umrædd lög í kafla um lðnaðarsvæði í dreifbýli.</p>                                                      |



|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, gr. 4 og 6.</p> <p><b>Iðnaðarsvæði</b></p> <p>Umhverfisstofnun bendir á misræmi í texta og töflu varðandi stærð væntanlegrar átöppunarverksmiðju og ítrekar að öll áætluð byggð á svæðunum þ.e. iðnaðarsvæði, íbúðasvæði og svæði fyrir verslun- og þjónustu verði löguð að byggðinni sem fyrir er og umhverfinu.</p> <p><b>Umhverfisskýrsla</b></p> <p>Telur að fjalla þurfi um sjónræn áhrif af byggingu verksmiðjunnar í umhverfisskýrslunni. Umhverfisstofnun bendir á innsláttarvillu hvað varðar vatnshlot.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | <p>Misræmi í texta hefur verið leiðrétt. Umfjöllun um landslag og ásýnd hefur verið bætt við sem undirkafla í Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir.</p> <p>Umfjöllun um landslag og ásýnd hefur verið bætt í umhverfisskýrslu. Umrædd innsláttarvilla hefur verið leiðrétt.</p>                                                                                                                                                                                              |
| <p><b>Veðurstofa Íslands</b></p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <p>Engar heimildir eru um ofanflóð á Geitland í sameiginlegum ofanflóðagrunni Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ofan Geitlands eru möguleg upptakasvæði snjóflóða (þar sem halli er nægilegur til að snjóflóð geti runnið af stað) sitt hvoru megin við áberandi gil og ná þau yfir hæðabilið 160-250 m.y.s. Þegar þörf fyrir ofanflóðamat er metin er m.a. horft til þess hvert sjónarhorn frá byggingarreit að efri brún upptakasvæða er og ef það er neðan 15° er mjög ólíklegt að jafnvel stærstu snjóflóð náí reitnum. Efst á svæðinu sem skilgreint er fyrir verslun og þjónustu er sjónarhornið 17° og því aðeins yfir viðmiðunarmörkum. Veðurstofan mælist þess vegna til að uppbyggingu á svæðinu verði fundinn staður utan þessa efsta svæðis, þ.e. neðan u.þ.b. 100 m.y.s.</p> <p>Nokkur óvissa er um hættu af völdum skriðufalla, en heimildir eru um stórfelldar hreyfingar á lausum jarðlögum og skriðuföll ofan Geitavíkurbæina og Framnes, sem og á öðrum bæjum á Borgarfirði Eystra. Með því að velja uppbyggingu stað í hæfilegri fjarlægð frá vatnsfarvegum má draga úr hættunni.</p> | <p>Sveitarstjórn þakkar Veðurstofu Íslands fyrir viðbrögðin.</p> <p>Allar áætlanir um uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæði sem og íbúðarbyggð hafa verið dregnar til baka allavega að sinni. Áætluð uppbygging iðnaðarsvæðis eru neðan 100 m.y.s.</p> <p>Engin uppbygging er áætluð nærri vatnsfarvegum.</p>                                                                                                                                                              |
| <p><b>Skipulagsstofnun</b></p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <p>Skipulagsstofnun bendir á að gera þurfi grein fyrir legu vatnslagnar frá vatnstökusvæðinu að vatnstöppunarverksmiðjunni og afmarka lagnaleiðinni helgunarsvæði á uppdrætti, eftir því sem við á. Gera þurfi grein fyrir takmörkum sem aðliggjandi vatnsverndarsvæði og núverandi vatnsveituæð að Bakkagerði setja fyrirhuguðum framkvæmdum og landnotkun.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | <p>Sveitarstjórn þakkar Skipulagsstofnun fyrir viðbrögðin.</p> <p>Legu vatnslagnarinnar frá vatnstökusvæðinu hefur verið bætt inn á uppdráttinn en helgunarsvæði vatnslagnarinnar kemur ekki fram á uppdrætti þar sem hann er í mkv. 1:50.000. Lega vatnslagnar á aðalskipulagsuppdrætti hefur einnig verið leiðrétt miðað við betri gögn varðandi staðsetningu hennar. Þær takmarkanir sem aðliggjandi vatnsverndarsvæði og vatnsveituæð að Bakkagerði setja fyrirhuguðum</p> |



|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Kallar eftir skýrari skipulagsákvæðum um ásýnd og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni til leiðbeiningar fyrir deiliskipulag lóðarinnar.</p> <p>Gera grein fyrir hvernig tillagan samræmist stefnu sveitastjórnar um að vernda búsetulandslag. Bendir á að í umhverfismatinu vanti að gera grein fyrir áhrifum stefnu sveitastjórnar um iðnaðarsvæði á umhverfisþáttinn menningarminjar hvað varðar búsetulandslag.</p> <p>Bendir á að huga þurfi að samræmi tillögunnar við markmið 2.1, 2.3 og 2.8 í Landskipulagsstefnu.</p> <p>Bendir á misræmi hvað varðar stærð lóðar og hæð byggingar og gerir athugasemdir varðandi orðalag.</p> <p>Kallar eftir lýsingu á kynningu og samráði og svörum við umsögnum.</p> | <p>framkvæmdum og landnotkun kemur fram í kafla 5.2 Vatnsverndarsvæði.</p> <p>Umfjöllun um landslag og ásýnd hefur verið bætt í umhverfisskýrslu og sem undirkafla í Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir.</p> <p>Í kafla 3.7 Minjar í greinargerðinni, hefur verið bætt inn umræðu hvað varðar búsetulandslag sem tilgreint er í aðalskipulagi Borgarhrepps 2004-2016 og einnig í umhverfisskýrslu.</p> <p>Umræðu hvað varðar tilgreind markmið Landsskipulagsstefnu hefur verið bætt í kafla 3.1 Landsskipulagsstefna í greinargerðinni.</p> <p>Misræmi og orðalag hefur verið lagfært.</p> <p>Kafla um kynningu og samráð hefur verið bætt við greinargerðina.</p> |
| <b>Fljótsdalshérað</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| Fljótsdalshérað gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Sveitarstjórn þakkar Fljótsdalshéraði fyrir viðbrögðin.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| <b>Seyðisfjarðarkaupstaður</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | Sveitarstjórn þakkar Seyðisfjarðarkaupstað fyrir viðbrögðin.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |

## 8 Heimildaskrá

1. Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004 - 2016.
2. Árni Hjartarson, Freysteinn Sigurðsson og Þórólfur H. Hafstað, apríl 1981. Vatnabúskapur á Austurlandi III, Lokaskýrsla. Orkustofnun.
3. Tillaga að deiliskipulag Eflu , óútgefið.
4. Hagstofa Íslands, 2016.  
[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldi\\_2\\_byggdir\\_sveitarfelag/MAN02001.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelag/MAN02001.px/)
5. Lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
6. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
7. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
8. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
9. Lög nr. 107/2001 Þjóðminjalög.
10. Reglugerð um hávaða nr. 824/2008
11. Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða með breytingum í reglugerð nr. 478/2013.
12. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
13. Skipulagslög nr. 123/2010.
14. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
15. VERKÍS, 2016. Vatnswork Borgarfirði, lýsing deiliskipulagsverkefnis, óútgefið.